

## Ávarp rektors á stefnumóti um rekstur í sjávarútvegi

Þriðjudaginn 26. mars kl. 13.30

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Kristján Þór Júlíusson, kæru gestir

Velkominn á stefnumót um rekstur í sjávarútvegi í Háskóla Íslands.

Íslenskur sjávarútvegur er óumdeilanlega einn af burðarásum íslensks efnahagslífs. Hvort sem litið er til framlags greinarinnar til landsframleiðslu, öflunar gjaldeyristekna eða fjölda starfa, dylst engum að sjávarútvegur er afar mikilvægur fyrir íslenskt samfélag. Sjávarútvegurinn hefur í gegnum aldirnar haft afgerandi áhrif á þróun samfélagsins og á vissum tímasteiðum verið nánast eina eða langmikilvægasta fjöregg þjóðarinnar. Atvinnulífið hefur þó sem betur fer orðið fjölbreyttara á síðari tímum, en engu að síður er atvinnugreinin áfram afar mikilvæg og Ísland er nú á meðal öflugustu sjávarútvegsþjóða heims. Ísland situr í 17. sæti yfir stærstu fiskveiðiþjóðir heims með 1,3% af aflahlutdeild heimsins og Ísland er þriðja stærsta fiskveiðiþjóð Evrópu á eftir Rússlandi og Noregi. Íslenskur sjávarútvegur stendur sig vel í krefjandi alþjóðlegri samkeppni. Hann nýtur krafta vel menntaðs fólks til sjós og lands og reiðir sig á nýjustu tækni hvort sem er við veiðar eða vinnslu. Íslenskur sjávarútvegur er í hraði þróun og hefur í auknum mæli lagt áherslu á nýsköpun og kraftmikið frumkvöðlastarf.

Sjávarútvegurinn er mikilvægur í Háskóla Íslands. Öll fræðasvið skólans leggja sitt af mörkum hvort sem er í rannsóknum, nýsköpun kennslu kennslu. Þetta framlag Háskóla Íslands nýtist beint og óbeint í atvinnugreininni og í tengdum þjónustugreinum.

Innan háskólans eru stundaðar margvíslegar rannsóknir sem tengjast sjávarútveginum og hafinu almennt. Hér eru t.d. stundaðar rannsóknir

á lífríki sjávarins, fiskveiðistjórnun, sögu sjávarútvegs og ekki síst sögu þorskastríðanna, auk fjölbreyttra rannsókna á samfélagslegum áhrifum greinarinnar. Þá má nefna rannsóknir á veiðipoli nytjastofna, t.d. á göngumynstri loðnunnar og áhrifum loftslagsbreytinga. Enn fremur má nefna rannsóknir og nýsköpun sem lúta að bættri nýtingu sjávarfangs, t.d. í tengslum við lækningar, lyfja- og bætiefnaiðnað.

Þetta eru aðeins fáein dæmi um gróskumkilar rannsóknir sem snúa að Íslenskum sjávarútvegi með einum eða öðrum hætti.

Þegar kemur að rannsóknum leggur Háskóli Íslands ríka áherslu á samstarf við hagsmunaaðila og aðra sem standa framarlega á viðkomandi sviði. Gott dæmi um árangríkt samstarfsverkefni sem við þekkjum vel tengist geymslupoli makrís. Makrillinn er auðvitað nýbúi á Íslandsmiðum og fyrir aðeins rúmum áratug var lítið sem ekkert vitað um hegðun hans og eiginleika. Árið 2009 fóru um 80% makrílaflans í fiskimjöl en nú fer langstærsti hlutinn til manneldis, einkum vegna nýrra aðferða sem þróaðar hafa verið við frystingu aflans og aukið hafa geymslupól makrílflaka verulega. Þessi umskipti hafa stóraukið verðmæti afurðanna. Á bak við þetta verkefni eru prófessorar og nemendur við Háskóla Íslands, sérfræðingar á Matís og öflug sjávarútvegsfyrirtæki eins og Síldarvinnslan og Ísfélag Vestmannaeyja.

Hér í dag tökum við þátt í stefnumóti sem er annað gott dæmi um samstarf Háskóla Íslands og íslensks sjávarútvegs. Mig langar að þakka þeim Ástu Dís, Daða Má og samstarfsfólki þeirra fyrir frumkvæði og kraftmikla uppbyggingu námskeiða um rekstur sjávarútvegsfyrirtækja og þróun nýrrar þverfaglegs kjörsviðs á meistarastigi í sjávarauðlindafræði. Þetta nýja kjörsvið verður í fyrsta sinn í boði næsta haust á vettvangi umhverfis- og auðlindafræðinnar, sem er ein af þverfræðilegu námsleiðum Háskólans. Ég veit að þessi uppbygging hefur átt sér stað í nánú samstarfi við mörg af mikilvægustu og framsæknustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins, ásamt kraftmiklum

fyrirtækjum sem tengjast greininni sterkum böndum t.d. Marel og Codland.

Ég vil þakka þeim stuðninginn, en Háskóli Íslands metur hann mikils.

Takk fyrir.